



Umf. Sindri Körfuknattleiksdeild

**Aðalfundur 20. febrúar 2020
Skýrsla Körfuknattleiksdeildar fyrir árið 2019**

Ársskýrsla Körfuknattleiksdeildar Sindra 2019

Stjórn 2019

Stjórn körfuknattleiksdeildar árið 2019 skipuðu Hjálmar Jens Sigurðsson formaður, Guðrún Ósk Gunnarsdóttir sem kom inn í gjaldkerann fyrir Margréti Kristinsdóttur, Björgvin Erlendsson og Skúli Ingibergur Þórarinnsson meðstjórnendur og Þorgrímur Tjörvi Halldórsson ritari.

Meistaraflokkur karla

Vorið 2019 kláraði meistaraflokkur sitt fyrsta tímabil í 1.deild. Tímabilið einkenndist af hæðum og lægðum. Leikmannahópurinn breyttist mikið og á tímabilinu var skipta um þjálfar eftir áramót þar sem Mike Smith var látinn fara og Skúli Ingibergur tók við. Þótt árangur liðsins hafi ekki verið eins og menn vonuðu var margt jákvætt hægt að taka út úr tímabilinu. Tímabilið 2019-2020 hófst á því Halldór Steingrímsson var ráðinn sem þjálfari. Ljóst var eftir reynslu síðasta tímabils að til þess að vera með samkeppnishæft lið þurfti allt að smella, vel þjálfað lið með blöndu af sterkum atvinnu og heimamönnum. Í stuttu máli hefur árangur liðsins verið á svipuðum nótum og síðasta tímabil þrátt fyrir ýmsar sviptingar utan sem innan vallar. Aftur á móti hefur margt verið jákvætt í leik liðsins og oft hefur það staðið vel í liðum í efri hluta deildarinnar.

Yngri flokkar

Eitt af markmiðum hjá deildinni er að halda úti fjölbreyttu yngriflokkastarfi fyrir bæði kynin. Leikskólalboltinn hefur verið á sínum stað í samvinnu við fótboltann. Reglulegar körfuboltabúðir hafa verið haldnar. Í janúar kom til okkar Finnur Freyr sem gert hefur KR að margföldum íslandsmeisturum, og í haust komu svo besta körfuboltakona landsins Helena Sverrisdóttir ásamt manni sínum Finni Atla. Báðar búðirnar heppnuðust eins og best verður á kosið og mikil ánægja hjá krökkunum sem mættu, og var námskeiðið iðkendum að kostnaðarlausu. Hefð hefur skapast fyrir því að yngri flokkarnir hafi farið á mót hjá Hetti að vori. Deildin hefur svo haldið Austurlandsmót fyrir sömu flokka í september og komu lið bæði frá Fjarðabyggð og Hetti til okkar. 1-5. bekkur hefur svo að auki farið á tvö mót, eitt að hausti og annað á vorin. Í haust voru skráð 3 lið í Íslandsmót minnibolta 11 ára. Eitt af þessum liðum var einungis skipað stelpum og er það í fyrsta skipti sem deildin sendir stelpna lið í þessum aldursflokki. Í 7-10. bekk sendum við eitt lið til keppni á Íslandsmóti og í bikarkeppni.

Meistaraflokkur kvenna og annað starf

Meistaraflokkur kvenna hefur haldið áfram góðu starf og keppt í 2. deild kvenna. Hópurinn er góð blanda af eldri og yngri leikmönnum, í haust var liði undir stjórn Eric Benedick. Markmiðið er að ná góðum æfingahóp til að byggja á og taka liðið á næsta stig.

Bumban (hópur ástríðufullra körfuboltamanna) hefur fest sig í sessi sem einn af máttastólpum deildarinnar. Æfingar eru vel sóttar og alvanalegt að um 15 manns séu á æfingum en hópurinn mun stærri sem lætur sjá sig reglulega.

Fjármál og stuðningur

Rekstur deildarinnar hefur áfram haldið að vaxa og á sama tíma verið góð áskorun. Aðal kostnaðarliðurinn sem fyrr hefur verið meistaraflokkur karla. Stjórnin vill þakka allan þann góða stuðning og velvilja sem okkur hefur verið sýndur bæði í formi fjárhagsstuðnings, vinnuframlags, annars konar stuðnings og þeim fjölmörgu sjálfbodaliðum sem hafa komið að starfinu.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Sindra

Hjálmar Jens Sigurðsson



Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir			
Styrkir		5.408.154 kr.	5.529.400 kr.
Lottótekjur.....		504.273 kr.	406.394 kr.
	Samtals	5.912.427 kr.	5.935.794 kr.
Æfingagjöld			
Æfingagjöld		2.956.114 kr.	1.828.308 kr.
	Samtals	2.956.114 kr.	1.828.308 kr.
Fjáraflanir			
Tekjur af mótum.....		0 kr.	16.000 kr.
Aðrar fjáraflanir.....		2.391.900 kr.	3.037.999 kr.
	Samtals	2.391.900 kr.	3.053.999 kr.
Aðrar tekjur			
Aðgangseyrir og sjoppa.....		953.948 kr.	284.430 kr.
Ferðasjóður ÍSÍ.....		662.324 kr.	1.354.982 kr.
Framlög frá iðkendum.....		0 kr.	10.000 kr.
Ýmislegt.....		36.152 kr.	0 kr.
	Samtals	1.652.424 kr.	1.649.412 kr.
	Rekstrartekjur Alls	12.912.865 kr.	12.467.513 kr.

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld.....		5.415.893 kr.	3.701.046 kr.
Verktakagreiðslur.....		1.489.789 kr.	0 kr.
Kostnaður vegna Joly.....		1.188.327 kr.	0 kr.
Ferðakostnaður erlendis.....		1.293.749 kr.	995.334 kr.
Ferðakostnaður innanlands.....	1.	966.633 kr.	664.530 kr.
Þjónustugjöld KKÍ.....		934.961 kr.	0 kr.
Búningar.....		115.633 kr.	0 kr.
Leiga verbúð.....		795.000 kr.	1.291.200 kr.
Dómarakostnaður.....		315.515 kr.	0 kr.
Innkaup sjoppa.....		188.568 kr.	181.792 kr.
Meistaraflokkur karla.....		0 kr.	3.840.215 kr.
Umboðslaun.....		28.786 kr.	313.512 kr.
Þátttökugjöld í mótum.....		0 kr.	316.632 kr.
Yngri flokkar Námskeið.....		313.800 kr.	86.281 kr.
Kostnaður vegna fjáraflana.....		843.300 kr.	529.792 kr.
Tæki og búnaður.....		157.244 kr.	0 kr.
Önnur gjöld.....	2.	717.520 kr.	0 kr.
	Samtals	14.764.718 kr.	11.920.334 kr.
	Rekstrargjöld Alls	14.764.718 kr.	11.920.334 kr.

Rekstarhagnaður (-tap)

-1.851.853 kr. **547.179 kr.**



Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur.....	2.142 kr.	4.058 kr.
Vaxtagjöld.....	10.221 kr.	2.470 kr.
Fjármagnsskattur.....	471 kr.	428 kr.
Samtals	-8.550 kr.	1.160 kr.
<hr/>		
Fjármagnsliðir Alls	-8.550 kr.	1.160 kr.
<hr/>		
Hagnaður (-tap) ársins	-1.860.403 kr.	548.339 kr.
<hr/>		

Efnahagsreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Aðrar eignir.....		0 kr.	0 kr.
Samtals		0 kr.	0 kr.
<hr/>			
Veltufjármunir			
Innistæður á vaxtareikningum.....		0 kr.	677.263 kr.
Innistæður á bankareikningum.....	3.	508.542 kr.	1.691.682 kr.
Samtals		508.542 kr	2.368.945 kr.
<hr/>			
Eignir samtals		508.542 kr	2.368.945 kr.
<hr/>			
Eigið fé og skuldir			
Skammtímaskuldir			
Aðalstjórn frá árinu 2010-2012.....		483.640 kr.	483.640 kr.
Aðrar skammtímaskuldir.....		105.000 kr.	0 kr.
Samtals		483.640 kr.	483.640 kr.
<hr/>			
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi árs.....		1.885.305 kr.	1.391.857 kr.
Rekstrarhalli/afgangur.....		-1.860.403 kr.	548.339 kr.
Endurmat.....		0 kr.	-54.891 kr.
Eigið fé í lok árs		24.902 kr.	1.885.305 kr.
<hr/>			
Eigið fé og skuldir samtals		508.542 kr	2.368.945 kr.
<hr/>			



Skýringar ársins 2019

1. Ferðakostnaður innanlands	2019
Bílaleiga.....	302.067 kr.
Gisting.....	223.129 kr.
Bensín.....	456.437 kr.
Samtals:	981.633 kr.
2. Annar kostnaður	2019
Auglýsingar.....	31.769 kr.
Matur fyrir leiki.....	65.520 kr.
Yngri flokkar.....	67.000 kr.
Tryggingar.....	57.653 kr.
Sjúkrakostnaður.....	7.962 kr.
LOC kostnaður.....	96.608 kr.
Skóstyrkur.....	75.635 kr.
Lokahóf.....	140.550 kr.
Annað.....	174.823 kr.
Samtals:	717.520 kr.
3. Innistæður á bankareikningum	2019
Tékkareikningur.....	345.907 kr.
Vaxtareikningur.....	162.635 kr.
Samtals:	508.542 kr.

